# ,,FRÍSTUNDIR Í BREIÐHOLTI”

**fundur með Íþrótta- og frístundaaðilum í Breiðholti**

**16. nóvember 2020**

# „FRÍSTUNDIR Í BREIÐHOLTI“

## TILRAUNAVERKEFNI

Haust 2020 til loka sumars 2023

## MARKMIÐ

*Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.*

*Að auka nýtingu frístundkortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.*

*Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega samlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi*

# HÆGAGANGUR
# v/Covid sóttvarnaraðgerða

Ákveðið að draga úr aðgerðum meðan á lokunum og hömlum stendur



Undirbúa vorönn 2021





# AÐGERÐIR
# Viðbótarframlag og rúta

## VIÐBÓTARFRAMLAG:

- Bréf á alla foreldra barna í 1.-2. bekk varðandi viðbótarframlag á haustönn 14. október
- Umsýsla viðbótarframlags í gangi

## Frístundarútan:




- Frístundarútan komin með endurbætta áætlun og viðbótarstoppi í Mjódd
- Ferðir rútunnar féllu niður meðan á íþróttabanni stóð

# AÐGERÐIR
# Rýnihópar barna

- Leikskólaverkefnið hefur legið niðri í banninu

- Rýnihópar barna í 1.-2. bekk og 7. bekk í undirbúningi. Í samstarfi við Miðberg og SFS. Hvað vilja börnin í íþróttum og frístundum?



# AÐGERÐIR
# Námskeið í menningarnæmi

- Námskeið haldið fyrir þjálfara/kennara íþróttafélaganna og dansskólanna í menningarnæmi 28.-29. október 2020.

- Þátttakendur 37 frá ÍR, Leikni, Ægi, Dans Brynju Péturs og Dansgarðinum

- Kennari: Nichole Leigh Mosty

# AÐGERÐIR
# Styrktarsjóður

- Reglur styrktarsjóðsins hafa verið samþykktar
- Sjóðsstjórn skipuð
- Fyrstu umsóknir hafa verið afgreiddar
- Frístundaðilar hafa fengið reglur sjóðsins og hvatningu til að kynna sjóðinn innan sinna raða

# AÐGERÐIR
# NÓRA skráningarkerfi

- Starfsmenn Nóra með skráningarmálin fyrir næstu önn til umfjöllunar.
- Verður ákveðið á næstu dögum hvernig skráning í íþróttir og frístundir í 1.-2. bekk verður háttað.

# AÐGERÐIR
# Rannsóknir og mat

- Unnið að samkomulagi við Menntavísindasvið HÍ og SFS um samstarf á sviði rannsókna tengdum verkefninu.
- Stöðutaka í byrjun, á miðju tímabili og í lok verkefnis.
- Aðrar rannsóknir tengdar íþróttum og frístundum í hverfi þar sem bakgrunnur íbúanna er fjölbreyttur.
- Aðgengi að tölum frá íþrótta- og frístunda-aðilum í verkefninu

# AÐGERÐIR
# Hlutverk og samningar

- Unnið að því að skýra hlutverk leikskólanna, grunnskólanna, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í verkefninu

- Drög að samningum um þátttöku íþrótta- og frístundaaðila í verkefninu eru í undirbúningi og verða kynntir hverjum aðila fyrir lok nóvember mánaðar

# AÐGERÐIR
# Kynningarmál

- Verkefnið kynnt með opnu í Breiðholtsblaðinu í október
- Samstarf komið á við kynningardeild Reykjavíkurborgar
- Kynningaráætlun til eins árs eru í vinnslu
- Gerð myndbanda á nokkrum tungumálum í vinnslu

# Kynningarmál

- Verkefnið kynnt með opnu í Breiðholtsblaðinu í september



Breiðholt

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

*Hér í Breiðholti er þriggja ára tilraunaverkefni að hefjast, sem byggir á víðtækri samvinnu íbúa, stofnana og félagasamtaka í Breiðholti*

## MARKMIÐ

- Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við Reykjavíkurmeðaltal.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðatal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn.

## FRAMKVÆMD

Verkefnið og fjárframlag til þess var samþykkt í borgarráði 27. ágúst sl. Verkefninu er stjórnað frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og er liður í Heilsueflandi Breiðholt. Unnið er að útfærslu verkefnisins þessar vikurnar með fjölda samstarfsaðila í hverfinu. Sumir hlutar verkefnisins eru þegar útfærðir og eru komnir til framkvæmda en aðrir þarfnast meiri undirbúningstíma og koma til framkvæmda á næstu vikum og mánuðum.

Nánari upplýsingar gefur Þráinn Hafsteinsson umsjónarmaður verkefnisins á Þjónustumiðstöð Breiðholts.
**Netfang:** thrainn.hafsteinsson@reykjavik.is

## MEGIN AÐGERÐIR

1. **Frístundakortsframlagið með árlegu aukaframlagi nægi fyrir þátttöku í öllu íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti í 1.-2. bekk.**
2. **Börn í 1.-2. bekk geti prófað og fært sig á milli íþrótta- og frístundakosta í Breiðholti án aukagjalds.**
3. **Íþróttir og frístundir verði í boði fyrir 1.-2. bekk frá 14:00-18:00 í hverfinu.**
4. **Frístundarúta þjónusti yngstu börnin í Breiðholti á milli 14:00-18:00 án endurgjalds.**
5. **Öflug kynning á íþrótta- og frístundastarfi og frístundakortinu í öllum kimum samfélagsins.** Kynningin verður þungamiðja verkefnisins og sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og annarra stofnana borgarinnar í náinni samvinnu við íbúa af erlendum uppruna og íþrótta- og frístundaaðila í hverfinu.
6. **Íslenskunám, félagsleg virkjun og samfélagsleg þátttaka eflist með þátttöku í íþrótta og frístundastarfi í Breiðholti.**
7. **Íþróttaverkefni leikskólanna í Breiðholti verði haldið áfram.**
8. **Styrktarsjóður til eflingar íþrótta- og frístundaþátttöku í Breiðholti.**
9. **Víðtæk samvinna um að efla og auðvelda þátttöku barna í íþrótta- og frístundastarfi í hverfinu.**

# **Kynningarmál**
# Þjálfara/kennaranámskeið um menningarnæmi

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

Breiðholt

**Námskeið fyrir þjálfara og leiðbeinendur í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti**

***Hér í Breiðholti er þriggja ára tilraunaverkefnið „Frístund í Breiðholti" nýlega hafið.***

***Verkefnið byggir á víðtækri samvinnu íbúa, stofnana og félagasamtaka í Breiðholti***

Einn af stóru liðunum í verkefninu er að gefa þjálfurum og leiðbeinendum í íþrótta- og frístundastarfi kost á að bæta við sig þekkingu. Í því skyni verður boðið upp á þjálfara- og leiðbeinendanámskeið um hve íþrótta- og frístundaþátttaka er mikilvæg í að efla félagsleg tengsl barna, samfélagslega þátttöku, sjálfsmynd og íslenskukunnáttu.

Þjálfurum og leiðbeinendum frá öllum íþrótta- og frístundaðilum í Breiðholti stendur til boða að taka þátt í námskeiðunum sér að kostnaðarlausu. **Fyrstu námskeiðin verða í nóvember.**

**MARKMIÐ - FRÍSTUND Í BREIÐHOLTI**

- Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við Reykjavíkurmeðaltal.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðatal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn.

Nánari upplýsingar á breidholt.is, á facebooksíðunni Breiðholt eða hjá Þráni Hafsteinssyni verkefnastjóra á Þjónustumiðstöð Breiðholts. **Netfang:** thrainn.hafsteinsson@reykjavik.is



# AÐGERÐIR
# Kynningarmál

- Tengiliðaverkefni /Tengiliðafundur haldinn 4. nóvember
- Annar fundur fyrirhugaður með tengiliðum
- Auglýsing í Breiðholtsblaði 18. nóvember VERTU MEÐ og grein um tengiliðaverkefnið



# AÐGERÐIR
# Kynningarmál

- Grunnskólar á bið
- Leikskólar á bið
- Hlutverk liggur fyrir
- Vantar að ráða tengiliði í skólana

# Næstu skref

- Samningar við alla íþrótta- og frístundaaðila
- Samkomulag um framboð í sameiginlegan pakka fyrir 1.-2. bekk á vorönn
- Klára uppsetningu Nóra skráningar
- Skólar, klára útfærslu og tengiliði
- Kynningarherferð í desember og janúar
- Allir hlutar verkefnisins komnir í framkvæmd í janúar 2021